

2017-02-0093

Ísafjarðarbær, kt. 540596-2639, og Act alone, kt. 580608-0510, gera með sér svohljóðandi

Samstarfssamning

með það að markmiðið að efla enn frekar leiklistarhátíðina Act alone (hér eftir „hátíðin“), árið 2017, sem haldin er á Suðureyri aðra helgina í ágúst.

1. gr.

Aðkoma Ísafjarðarbæjar

Ísafjarðarbær sér til þess að:

- vikuna áður en hátíðin hefst fari garðyrkjudeild og þjónustumiðstöð á Suðureyri og snyrti umhverfi Suðureyrar, götur verði sópaðar, ruslatunnur á ljósastaurum bæjarins tæmdar, slegin verði þau tún sem slegin skulu og beð hreinsuð.
- í vikunni eftir hátíðina verði ruslatunnur á ljósastaurum bæjarins tæmdar, eftir þörfum.
- þjónustumiðstöð leggi hátíðinni til fánastangir og útisvið hátíðinni, ef þarf, að kostnaðarlausu.
- upplýsingafulltrúi Ísafjarðarbæjar komi upplýsingum á framfæri á þeim miðlum sem tengjast sveitarfélaginu.

2. gr.

Styrkur

Ísafjarðarbær samþykkir að styrkja hátíðina um kr. 700.000,- á árinu. Framlag Ísafjarðarbæjar greiðist eftir að Act alone sendir Ísafjarðarbæ reikning fyrir fjárhæðinni.

2. gr.

Aðkoma Act alone

Act alone sér til þess að:

- hátíðin verði haldin á samningstímanum og að staðið verði að henni eftir bestu getu.
- hreinsa rusl sem fellur til á svæðinu í tengslum við hátíðina á þeim dögum sem hátíðin stendur yfir.
- auka við almenningssamgöngur frá fimmtudegi fram til laugardags, eða þá daga sem hátíðin er haldin.
- koma upplýsingum og kynningarefni til upplýsingafulltrúa Ísafjarðarbæjar til kynningar.

4. gr.


Annað

Rísi mál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Vestfjarða á Ísafirði.


Samningur þessi er í tvíriti og undirritaður í votta viðurvist.

Ísafjarðarbær, 27. júní 2017


F.h. Act Alone


F.h. Ísafjarðarbæjar

Vottar að rétttri dagsetningu og undirritun.


Leifur Þórhallur 0405753599

Petra Guðmundsdóttir 260483-4719